

GREINARGERÐ

Staðsetning og lýsing

Um er að ræða lóð við Drangsskarð 2. Sótt er um að byggja tveggja hæða fjölbýlishús, með þrem íbúðum. Á lóðinni eru einn mhl. Húsið er steypt, einangrað að utan og svo klætt með timburklæðningu og stálklæðningu. Þak: uppbygging þaks, steypt plata "viðsnúið þak" tvöfalt lag af pappa, 250mm plasteinangrun, pappi soðin á, og svo hellur. Útveggir: steyptir, einangrað að utan og klætt með timbri og stálklæðningu. Timburklæðning mun koma á útveggi svala, annarsstaðar verður stálklæðning. Gólf er steypt plata einangrað undir plötu 100 mm. Sökkjar eru staðsteyptir, með 100 mm einangrun.

Gler: gluggar eru verksmiðjuframleiddir, ál timbur, eða álguggar af viðurkenndum framleiðanda með slitinni kuldabré. tvöfalt k-gler er í gluggum. gler skal vera samkvæmt grein 12.4.3. og 8.5.2

Loftræsting: á baðherbergjum, þvottahúsi og eldhúsi skal vera vélræn loftræsting samanber 10.2.5 gr.112/ 2012 , annars staðar skal loftræsta með opnanlegum gluggum. Loftræsting í lokuðu rými samkvæmt 10.5.2 gr Svalir eru með steyptu gólfi.

Innveggir Léttir innveggir skulu vera 120mm úr blikk/ timburstöðum, klætt með gífsi. Frárennslislagnir eru pvc plaströr í grunni og undir botnplötu, en plaströr eru vel varin og einangruð í veggjum. Miðstöðvar og neysluvatnslagnir eru hefðbundnar lagðar í veggraufar og klætt yfir. Allar lagnir eru vaðar og einangraðar. Farið skal eftir stöðlum og fyrirætlum Orkuveitu varðandi inntak o.fl. Hitastig neysluvatns við töppunarstað skal vera hámark 65 gráður.

Inngangs og innihurðir skal fara eftir grein 6.4.2 og 6.4.3 í 112/2012

Handrið við svalir skal vera gler/ hert 110 cm á hæð, Handrið við stiga inni smíðaður veggur gífs/mdf, hæð 110 cm.

Bréfalúgur skulu vera stærð amk 25x250mm og hæð amk 1000 mm frá neðri brún hurðar

5 bílastæði eru á lóðinni. Möguleiki á rafhleðslustöð við bílastæði. neðri hæðir eiga sérafnotafleti, sjá grunnmynd. Annars er lóðin í óskiptri sameign.

Allur lóðarfrágangur á lóðarmörkum skal vera gerður í samráði við aðliggjandi lóðarhafa. 6 sorp tunnur, tvær fyrir hverja íbúð, samkvæmt reglum frá Hafnarfjarðarbæ.

Algild hönnun: ekki er gert ráð fyrir algildri hönnun þar sem húsið er í miklum halla, ein íbúð er á tveim hæðum. Hljóðvistarkröfur skulu vera á milli íbúða í samræmi við grein 11.1.2 sem visar í Íst 45 2011


Kólnunartölur	skulu vera í samræmi við ÍST 66.	
helstu kólnunartölur	U-gildi (W/m 2 K)	
botnplata	0.3	
þak	0.20	
útveggir	0.40	
gluggar (karmar, gler,)	2.0	
hurðir	3.0	
vegið meðaltal húss	1.01	

Landeignanúmer	L225416	
stærð á húsi brúttó tölur		
mhl 01	418.6m2	1398.2m3
lóðarstærð	942m2	
nýtingarhlutfall	0.44	

BRUNAVARNIR Flokkun og notkun byggingar Byggingin verður í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða fjölbýlishús með þrem íbúðum. Brunahólfun Hver íbúð er sér meginbrunahólf. Inntaksrými er sér brunahólf. Burðarvirki Hæðaskil eru a.m.k. REI90. Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90. Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.

Innanhúsklæðningar verða í flokki 1.

Flóttaleiðir Tvær til þrjár óháðar flóttaleiðir eru frá hverri íbúð. Önnur leiðin frá efri hæðum er út á svalir. Reykskynjarar Reykskynjarar verða í íbúðum, a.m.k. einn fyrir hverja 80 m². Reyklosun Reykræsing er almennt um glugga og hurðir. Slökkvitæki Gert er ráð fyrir einu handslökkvitæki í anddyri hverjar íbúðar, t.d. 6 L léttvatn Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3.



grunnmynd neðri hæð

Breyting 3.09.2023.
Gluggar á norðurhlíð neðri hæð: vegna landhæðar hefur gluggi svefnherbergi verið fluttur á austurhlíð, og sleppt glugga baðherbergi

Smári Björnsson

SÍMI: 868 1300
NETFANG: smari.bjornsson@gmail.com
kt: 100275 5899

HEITI VERKS:

Drangsskarð 2

HEITI
TEIKNINGAR:

Aðaluppdráttur grunnmynd, byggingarlýsing






MKV:
1/100

DAGS.
1.05.22

NR. TEIKN
1

UNDIRSKR.HÖNNUÐAR

ÚTGÁFA
B



Breyting 3.09.2023.
Gluggar á norðurhlíð neðri hæð: vegna landhæðar hefur gluggi svefnherbergi verið fluttur á austurhlíð, og sleppt glugga baðherbergi

Smári Björnsson		
SÍMI: 868 1300 NETFANG: smari.bjornsson@gmail.com kt: 100275 5899		
HEITI VERKS: Drangsskarð 2		
HEITI TEIKNINGAR: Aðaluppdráttur útlit afstöðumynd		
MKV: 1/100	DAGS: 1.05.22	NR. TEIKN: 3
UNDIRSKR. HÖNNUÐAR		ÚTGÁFA: B